

**Viðauki við samkomulag ríkis og sveitarfélaga
um tilfærslu þjónustu við fatlaða
frá 23. nóvember 2010
LOKADRÖG**

1. Samkvæmt samkomulaginu fluttist þjónusta sem ríkið veitti fötluðu fólki samkvæmt lögum nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, til sveitarfélaga hinn 1. janúar 2011. Sveitarfélög tóku þá við ábyrgð á framkvæmd og fjármögnun þjónustunnar, óháð því hvort hún hafði verið veitt af ríki, sveitarfélögum, sjálfseignarstofnunum eða öðrum aðilum, með þeim réttindum og skyldum sem henni tengjast.
2. Samkvæmt 11. grein samkomulagsins á að fara fram mat á faglegum og fjárhagslegum árangri tilfærslunnar. Matið átti að nýtast til ákvörðunar um útsvarsstofn ársins 2014, þannig að þjónustan yrði alfarið fjármögnuð með útsvari. Þar sem gagnaöflun til grundvallar matinu hefur tekið lengri tíma en áætlað var munu niðurstöður ekki liggja fyrir innan þess tímafrests sem samkomulagið gerir ráð fyrir.
3. Með vísan til þess að niðurstöður umrædds mats munu ekki liggja fyrir í tæka tíð eru aðilar samkomulagsins sammála um að framlengja því um eitt ár. Ákvörðun um endanlega útsvarsprósentu sveitarfélaga vegna yfirfærslu þjónustunnar er því frestað til ársins 2014 og kemur til framkvæmda 1. janúar 2015.
4. Útsvarshlutfall sveitarfélaga fyrir árið 2014 verður hækkað um 0,04% og tekjuskattshlutfall ríkisins lækkar samsvarandi. Tekjur vegna þessarar hækkunar renna óskiptar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þannig að þjónustan er alfarið fjármögnuð með útsvari. Tilraunaverkefni um notendastýrða persónulegra aðstoð verður fjármagnað með óráðstöfuðum fjárveitingum frá ríkissjóði til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga sem ætluð voru til verkefnisins á árunum 2011-2013.
5. Með viðauka þessum er leystur allur ágreiningur milli samningsaðila um sérstök framlög úr ríkissjóði á gildistíma samkomulagsins.
6. Viðaukinn er gerður með fyrirvara um samþykki Alþingis á nauðsynlegum lagabreytingum.

Reykjavík, 13. nóvember 2013

Fyrir hönd ríkisins

Fyrir hönd sveitarfélaga

Félags- og húsnæðismálaráðherra

Halldór Halldórsson formaður
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Innanríkisráðherra

Karl Björnsson framkvæmdastjóri
Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fjármála- og efnahagsráðherra